



399. Stjórnarfundur haldinn 1. nóv. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður M. Kjartansson, (PMK),
Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

EH sagði frá því að skuldabréf v/þjálfara mfl. kv. knattsp. hafi borist.

Bréf frá ÍSÍ v/málþings um stúlkur og brottfall úr íþróttum 17. nóvember. Kanna með *mætingu*.

Afrit af bréfi frá sundráði ÍRB v/innri mála. *Umræður um málið. Ákveðið að funda með stjórn sunddeildar og fara yfir málið.*

Bréf frá UMFÍ v/æfingaaðstöðu í frjálsúþróttum í fyrir sambandsaðila UMFÍ í Laugardalshöllinni. *Móttekið og sent á stjórnarmenn félagsins.*

Tölvupóstur frá Heiðrúnu B. Sigmarsdóttur v/stofnunar á blakdeild. *Á fundinn voru mættar Heiðrún Björk Sigmarsdóttir, Hanna Lís Einarsdóttir, Sigurbjörg Ásdís Snjólfsdóttir og Ragna Finnsdóttir til að fylgja erindinu eftir. EH bauð þær velkomnar og fór stutt yfir erindið og gaf svo Heiðrúnu orðið. Heiðrún fór yfir áhuga þeirra að fá að stofna blakdeild innan Keflavíkur. EH fór yfir reglur og lög félagsins hvað varðar stofnun nýrrar deildar og hvað þarf að uppfylla. EH þakkaði þeim fyrir komuna og áhuga þeirra á stofnun nýrrar deildar innan félagsins, en aðalstjórn færir svo yfir erindi þeirra. Aðalstjórn er sammála því að heimila þeim að stofna blakdeild innan félagsins og felur framkvæmdastjórna að sjá um undirbúninginn af hálfu félagsins.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Jólblað.

EH sagði frá því að auglýsingasöfnun hefur gengið nokkuð vel og ekki margir sem hafa hætt við. Lokadagur skila á greinum er 14. nóvember.

5. Námskeið.

Forvarnardagurinn var 31. október. Sigurvin Guðfinnsson fór í Myllubakkaskóla en þar heiðruðu forsetahjónin nemendur og skólann með nærveru sinni auk forseta ÍSÍ. Einar Haraldsson fór í Heiðarskóla.

6. Önnur mál.

EH og KG mættu í 80. ára afmæli Þróttar sem haldið var 27. október og færðu Þrótti áletraðan skjöld til minningar um tímamótin.

BS er búinn að kaupa potta, pönnu og önnur smááhöld í eldhúsið í félagsheimilið okkar.

Umræður um að eiga K-hettupeysur á lager. Framkvæmdastjóra falið að sjá um að kaupa inn nokkrar stærðir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:20

Fundinn ritaði SG

